

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2023

2023/EES/77/18

frá 17. mars 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1047 frá 5. mars 2021 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 17. febrúar 2020 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 ⁽²⁾, gildir framseld tilskipun (ESB) 2021/1047 ekki gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 3q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 L 1047**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1047 frá 5. mars 2021 (Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 69).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2021/1047, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 225, 25.6.2021, bls. 69.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 318, 28.11.2013, bls. 12. og EES-viðbætur nr. 67, 28.11.2013, bls. 14.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.